

Fundur með formönnum deilda Vestra 2025

Fundur með formönnum deilda Vestra haldinn í Safnahúsinu miðvikudaginn 3. desember 2025, kl. 17.30.

Mætt frá aðalstjórn: Gísli Jón Hjaltason, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Heba Dís Prastardóttir, Hlynur Reynisson, Marzellíus Sveinbjörnsson Sigurður A. Jónsson og Þóra Marý Arnórsdóttir (í fjarfundi).

Mætt frá deildum: Svavar Þór Guðmundsson, Sigurður Hreinsson, Viðar Kristinsson, Sólveig Pálsdóttir og Samúel Þór Samúelsson

Fyrir tekið:

1 Formannafundur HSV.

Formaður sagði frá formannafundi HSV sem haldinn var 24. nóvember sl. Meðal þeirra mála sem þar voru rædd voru skráning íþróttafélaga sem almannaheillafélög, kynning á erindi sem tekið var fyrir á fundi Skóla-, íþrótt- og tómstundaneftndar þann 5. nóvember sl. og varðar uppbyggingu á íþróttahúsinu á Torfnesi. Samþykkti nefndin að að fela starfsmanni nefndarinnar að kalla eftir afstöðu íþróttahreyfingarinnar í Ísafjarðarbæ til framtíðaruppbyggingar íþróttahússins á Torfnesi og greina helstu þarfir í því sambandi. Var stjórn HSV falið að hefja undirbúning á gerð þarfargreiningar fyrir nýtt íþróttahús í Ísafjarðarbæ. Sagt var frá samningi sem UMFÍ og ÍSÍ hafa gert við Abler og felur í sér að minni félög, með færri en 50 félagsmenn, fá aðgang að Abler í gegnum Svæðisskrifstofur án endurgjalds. Ennfremur geta öll félög sótt sakavottorð í gegnum Abler á einfaldan hátt. Formaður HSV sagði frá svokölluðum „björgunarpakka“ UMFÍ sem snýr að því að úthluta aukaframlagi til sambandsaðila vegna skerðinga sem komið hafa til á beinum greiðslum til íþróttahéraða vegna breytinga á lottóreglugerðum UMFÍ og ÍSÍ. Rætt um úthlutun lottótekna og þann drátt sem orðið hefur á úthlutun þeirra.

2 Fyrirspurn ríkisskattstjóra um greiðslur og hlunnindi til íþróttamanna.

Formaður greindi frá því að 3. október sl. hefði íþróttafélaginu Vestra borist erindi frá ríkisskattstjóra þar sem ítrekuð er skylda íþróttafélaga til að standa skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi til íþróttamanna og þjálfara. Ennfremur var óskað eftir upplýsingum um greiðslur og hlunnindi íþróttamanna og þjálfara hjá félögum sem eiga lið í efstu deildum í tilteknum boltaíþróttum. Eitt lið hjá Vestra féll undir skilgreiningu ríkisskattstjóra, meistaraflokkur karla í knattspyrnu.

Á undanförunum mánuðum hefur ríkisskattstjóri sent erindi til upplýsingar og gagnabeiðnir til íþróttafélaga vegna skattamála, bæði varðandi tekjuskatt og virðisaukaskatt. Á sama tíma hafa ýmsar tillögur og hugmyndir verið ræddar er varða skattalegt umhverfi íþróttahreyfingarinnar. Í febrúar á þessu ári óskaði ÍSÍ eftir því að settur yrði á stofn starfshópur á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Hópurinn var formlega skipaður þann 28. ágúst sl. og er skipaður þremur starfsmönnum ráðuneytisins og tveimur fulltrúum íþróttahreyfingarinnar. Hlutverk hans skv. skipunarbréfi er að vinna greiningu á helstu reglum sem gilda um skattaleg réttindi og skyldur þeirra aðila sem hafa með höndum íþróttastarfsemi á Íslandi. Miðað er við að hópurinn skili þessari greiningu og eftir atvikum tillögum eigi síðar en 30. apríl 2026.

Af þeim greiningum sem þegar hafa verið unnar er ljóst að íþróttahreyfingin er ekki rekin í hagnaðarskyni og ef einhver ágóði verður af starfi félaga er honum ráðstafað til að efla starf þeirra enn frekar. Þá lifir íþróttahreyfingin ekki án öflugs sjálfboðaliðastarfs, hvort sem um er að ræða starf tengt yngri flokkum, forvarnar- og lýðheilsuhlutverki fyrir börn og fullorðna eða afreksstarfi meistaraflokka og landsliða. Í því ljósi er nauðsynlegt að hreyfingin búi við skýra, einfalda og sanngjarna skattlagningu og er það markmið þeirrar vinnu sem nú er í gangi að tryggja að svo verði.

3 Bókhaldskerfi fyrir deildir Vestra.

Formaður sagði frá því að félagið hefði keypt aðgang að DK bókhaldskerfinu og eiga gjaldkerar deilda nú sjálfir að færa sitt bókhald. Ef þeir treysta sér ekki til þess þá er hægt að láta Endurskoðun Vestfjarða sjá um þá vinnu en kostnaðurinn fer þá beint á viðkomandi deild. Að mati gjaldkera félagsins, Guðna Guðnasonar, þá getur þetta fyrirkomulag sparað félaginu um eina milljón króna á ári en bókhaldskostnaður hefur hækkað verulega undanfarin ár og nauðsynlegt að grípa til aðgerða til bregðast við því.

4 Akstursíþróttadeild.

Aðalstjórn hefur borist beiðni frá áhugamönnum um akstursíþróttir í Ísafjarðarbæ þar sem óskað er eftir því að stofnuð verði akstursíþróttadeild innan Vestra. Aðallega er horft til þess að stunda æfingar og keppni í mótorkrossi en einnig gert ráð fyrir að rallykross og aðrar keppisgreinar bifreiða geti átt heima innan deildarinnar þegar fram líða stundir. Stefnt er að því að deildin verði aðili að Mótorhjóla- og snjósléðaíþróttasambandi Íslands (MSÍ) og Akstursíþróttasambandi Íslands (AKÍS), sem eru bæði innan ÍSÍ. Skv. lögum íþróttafélagsins Vestra skulu nýjar íþróttagreinar sem ekki falla undir þær deildir sem fyrir eru í félaginu hefja starfssemi sína í almenningsíþróttadeild. Komi fram ósk félagsmanna til aðalstjórnar um stofnun nýrrar deildar við félagið skal aðalstjórn leggja slíka beiðni fyrir aðalfund félagsins undir dagskrárliðnum lagabreytingar. Aðalstjórn sem og undirbúningsstjórn viðkomandi deildar halda síðan stofnfund deildarinnar. Það eru fordæmi fyrir akstursíþróttadeild innan íþróttafélags þannig að það ætti í sjálfu sér ekki að vera neinum vandkvæðum bundið. Áhugamenn um akstursíþróttir myndu þá starfa innan almenningsíþróttadeildar þar til aðalfundur samþykkir stofnun akstursíþróttadeilda, nema auðvitað ef félagsmenn eru á móti slíku.

5 Íþróttatímar á Torfnesi – Fundarboð.

Formaður Skóla-, íþrótt- og tómastundanevndar hefur boðað íþróttafélögin til fundar með nefndarmönnum og sviðstjóra miðvikudaginn 10. desember þar sem fundarefnið er úthlutun á íþróttatímum í íþróttahúsum Ísafjarðarbæjar og í Bolungarvík og athugasemdir þar að lútandi. Íþróttahúsið á Torfnesi er löngu sprungið og annar engan veginn eftirspurn íþróttafélaga eftir tímum. Þetta hefur skapað veruleg leiðindi í samskiptum annars vegar íþróttafélaga og bæjaryfirvalda og hins vegar innan íþróttafélaganna sjálfra. Með áframhaldandi fjölgun íbúa á svæðinu mun þetta ástand aðeins versna ef ekkert verður að gert.

6 10 ára afmæli Vestra.

Formaður ræddi 10 ára afmæli félagsins þann 16. janúar á næsta ári og þær hugmyndir sem fram hafa komið um hvernig halda megi upp á þau tímamót. Fyrirhugað er að

aðalstjórn haldi sérstakan afmælisfund föstudaginn 16. janúar 2026 kl. 12-13 og bjóði stjórnarmönnum deilda að sitja fundinn sem gestir. Ennfremur verður þeim boðið sem á sínum tíma sátu í undirbúningsnefnd um stofnun sameiginlegs íþróttafélags. Tvö mál verða á dagskrá fundarins: Annars vegar útnefning heiðursfélaga og hins vegar frumflutningur á Vestra-laginu. Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

7 Vestra-lagið.

Á formannafundi félagsins fyrr á árinu var ákveðið að fá ísfirski tónlistarmanninn Þormóð Eiríksson til að semja stuðningsmannalag fyrir félagið og gerði formaður grein fyrir þeirri vinnu og áætluðum kostnaði við verkefnið og fjármögnun þess. Ennfremur fengu fundarmenn að heyra svokallað „snippet“ sem menn voru sammála um að lofaði góðu.

8 Útnefning heiðursfélaga.

Á aðalfundi félagsins 28. apríl síðastliðinn var samþykkt tillaga að reglugerð um heiðursviðurkenningar íþróttafélagsins Vestra. Formaður sagði vel við hæfi að Hjalti Karlsson, fyrsti formaður íþróttafélagsins Vestra, yrði gerður að heiðursfélagi á 10 ára afmæli félagsins 16. janúar 2026 og samþykktu fundarmenn einróma tillögu þess efnis. Formanni falið að undirbúa athöfnina.

9 Önnur mál

1. **Heimasíða félagsins.** Formaður minnti á mikilvægi þess að uppfæra upplýsingar á heimasíðu félagsins reglulega, s.s. upplýsingar um æfingagjöld og æfingatöflur.
2. **Sjálfbóðaliði ársins á Vestfjörðum – Tilnefning.** Formaður minnti á að tilnefningar þurfa að berast fyrir 4. desember. Föstudagurinn 5. desember er Alþjóðlegur dagur sjálfbóðaliðans. Sjálfbóðaliði er samkvæmt þekktri skilgreiningu einstaklingur sem tekur þátt í verkefnum eða vinnu af fúsum og frjálsum vilja, án þess að fá greiðslu fyrir. Í íþróttahreyfingunni þá eru þessi verkefni gríðarlega fjölbreytt og ná yfir breitt svið. Þar má nefna setu í stjórnnum og nefndum, þjálfun, dómgæslu, fararstjórn, fjáröflun og vinnu við mótahald.
3. **Íþróttaeldhugi ársins.** Formaður minnti á að ábendingar þurfa að berast í síðasta lagi 5. desember. ÍsÍ kallar eftir ábendingum um öflugan sjálfbóðaliða í íþróttahreyfingunni. Íþróttaeldhugi ársins verður tilnefndur samhliða lýsingu á kjöri Íþróttamanns ársins 2025. Lottó og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands standa fyrir þessari tilnefningu. Leitað er eftir framúrskarandi sjálfbóðaliðum sem hafa í gegnum árin nýtt eigin hæfileika, frítíma og sérþekkingu til að efla íþróttastarf, t.d. með því að vinna að framkvæmd móta/leikja, safna fjármunum, bæta aðstöðu, sitja í stjórnnum eða auka þátttöku hvar á landinu sem er.
4. **Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar – Tilnefning.** Formaður minnti á að tilnefningar þurfa að berast fyrir 4. desember.
5. **Fjölskylduhelgi í Ísafjarðarbæ.** Skóla-, íþrótt- og tólmstundanefnd vill kynna hugmynd um sérstaka fjölskylduhelgi í Ísafjarðarbæ dagana 21.-22. febrúar nk (dagsetningar geta breyst). Markmið verkefnisins er að efla samveru fjölskyldna, hvetja til aukinnar útivistar og stuðla að heilbrigðum lífsstíl íbúa. Með þessari helgi væri jafnframt unnið að markmiðum sveitarfélagsins um heilsuefandi samfélag og aukinn sýnileika Ísafjarðarbæjar sem fjölskylduvæns staðar til búsetu.

6. **Bikarameistarar.** Formaður sagði frá því að ungmennalið Vestra í blaki hefði nokkrum dögum áður orðið bikarameistari í flokki karla 20 ára og yngri, og vildi koma á framfæri hamingjuóskum til blakdeildarinnar. Hjólreiðadeildin eignaðist sömuleiðis bikarameistara á síðasta keppnistímabili þegar Ísar Logi Ágústsson náði þeim góða árangri að verða bikarameistari U17 karla Ungduro. Kom formaður á framfæri hamingjuóskum til Ísars Loga og deildarinnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.15